

## Málning hf.

### Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

#### Inngangur

Áhættumat þetta er unnið í samræmi við lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 er tóku að fullu gildi 1. janúar 2006. Markmið laganna (1.gr) er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Í lögnum eru ákvæði er varða almenna iðnaðarstarfsemi og fiskeldi. Í tilfelli Málningar hf. er horft til þess að starfsemin geti valdið mengun sem talinn er upp í viðauka I A með lögnum; „Lím- og málningarvöruframleiðsla en fyrirtækjum í slíkum rekstri er skylt að gera áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu slíkar áætlanir byggjast á áhættumati sem m.a. tekur tillit til þátta eftirfarandi þátta sem fram koma í viðauka IB með lögnum:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Einungis atvinnurekstur sem getur valdið bráðamengun hafs og stranda og er á listanum og skal gera slíka áætlun. Þannig má auðveldlega sjá fyrir sér starfsemi sem er á listanum en notar engin hættuleg efni eða er þannig staðsett að bráðamengun hafs og stranda er nánast óhugsandi. Engin ástæða er fyrir slíka starfsemi að leggja fram viðbragðsáætlun. Ef þess verður krafist af eftirlitsaðila eru slíkar ákvarðanir kæránlegar samkvæmt lögnum.

*Málning hf. hefur framkvæmt áhættumat á mengun hafs og stranda og lítur svo á að niðurstöður þess leiði í ljós að viðbragðsáætlun sem þessi sé óþörf.*

#### Áhættumat og viðbrögð

- Lítið sem ekkert er að finna efni sem falla undir viðauka I B og II í starfsemi Málningar hf. Fyrirtækið notar í starfsemi sinni lítið magn af olíum og Málning er með leyfi frá yfirvöldum til 2018 til að nota lítið af halógenuð kolvatnsefni (metýlenklóríð).
- Ekki talin hætta á að hættuleg efni mengi strandir eða haf ef slys hendir. Málning hf. er með eigið kerfi sem tekur við bráðamengunum (sjá umsókn um starfsleyfi 2016), sem og er bæjarfélagið með hreinsistöð áður en úrgangur kemst til sjávar eða strandar. Vegalengd til sjávar frá starfseminni er rúmlega 2km í loftlínu.

## Áhættumat Málningar hf. vegna bráðamengunar hafs og stranda

### Skilgreiningar:

Líkur á mengun:

Líkur	Skilgreining	Frekari útskýring
1	Mjög ólíklegt	Hefur aldrei áður gerst, þó hugsanlegur möguleiki
2	Frekar ólíklegt, en getur gerst	Fjarlægur möguleiki á atburði
3	Gerist sennilega	Frekar líklegt en langt á milli atvika
4	Frekar líklegt	Frekar mögulegt, væri ekki óalgengt, jafnvel 50/50 möguleiki
5	Nánast öruggt	Mun koma upp

Áhrifin ef mengun á sér stað:

Áhrif	Skilgreining	Ímynduð áhrif
1	Lítill sem engin áhrif	Óþægindi, stutt hreinsun. Minniháttar, staðbundin mengun
2	Einhver áhrif	Krefst aðstoðar s.s. slökkviliðs. Minniháttar mengun
3	Talsverð áhrif	Einhver áhrif á nærumhverfi. Krefst aðstoðar. Aðrir verða fyrir óþægindum.
4	Mikil áhrif	Mikil tímabundin áhrif og einhver langtímaáhrif á umhverfið
5	Gríðarleg áhrif	Gríðarleg áhrif á umhverfið. Dauðsföll eða mikil veikindi dýra og manna

Áhættukubbur:

Líkur	Áhrif					
		1	2	3	4	5
5		5	10	15	20	25
4		4	8	12	16	20
3		3	6	9	12	15
2		2	4	6	8	10
1		1	2	3	4	5

Grænn er viðunandi/í lagi

Gulur er á gráu svæði úrbætur nauðsynlegar

Rauður er óviðunandi

## Áhættugreining:

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda				
	Líkur	Áhrif	L x Á Áhættugildi	Ráðstafanir í dag
Bráðamengun hafs og stranda	2	1	2	Verklag miðast við að útsetningu vegna mengunar Viðbragðsáætlun til staðar Lágmarks notkun mengandi efna Fjarlægð frá sjó eða strönd Lokuð niðurföll, byttlur og síur til staðar Reglubundið eftirlit með búnaði Þjálfun starfsfólks Æfingar á viðbragðsáætlunum Búnaður til vinnslu og geymslu mengandi efna endurnýjar reglulega

## Niðurstaða

Niðurstaða matsins er viðunandi og því er ekki þörf á úrbótum eða viðbragðsáætlunum.

Kópavogur 24.september, 2015

f.h. Málningar hf.

Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur

GSM: 820 4099

[eythor@vsi.is](mailto:eythor@vsi.is)

